



12. maí 2023

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
101 Reykjavík.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025.

Siðfræðistofnun skilaði umsögn, dags. 17. mars. 2023, um drög að þingsályktunartillögu um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025, meðan tillagan var í samráðsferli. Er það mat stofnunarinnar að þau sjónarmið sem reifuð voru í fyrri umsögn séu þýðingarmikil og kalli bæði á umræðu og stefnumótandi viðbrögð. Þar sem tillagan hefur ekki tekið efnislegum breytingum, hvað þessi sjónarmið varðar, verða þau dregin saman í stuttu máli:

Siðfræðistofnun fagnar áformum um eflingu þekkingarsamfélags á Íslandi, m.a. með aukinni áherslu á STEAM-greinar, öflugt nýsköpunarumhverfi og uppbyggingu tækninnviða, sem hafa þýðingu fyrir samkeppnishæfni og verðmætasköpun íslensks atvinnulífs. Sérstaklega er tekið undir áherslu á jafnari stöðu/áhrif kynja í vísindum og tæknigeira sem og sjónarmið um jafnrétti óháð búsetu.

Siðfræðistofnun vekur hins vegar athygli því að þær aðgerðir sem lagðar eru til endurspegli ekki þá mikilvægu staðreynd að örar framfarir í vísindum og tækniþróun (m.a. á sviðum sem aðgerðum er ætlað að efla) skapar ný, viðtæk og djúpstæð siðferðileg og félagsleg álitæfni:

- Ör framþróun og útbreiðsla gervigreindartækni hefur vakið margvíslegar siðferðilegar spurningar. Þar má nefna áskoranir sem varða m.a. mismunun, sjálfræði og einstaklingsfrelsi, friðhelgi einkalífs, ógnir við lýðræði, valdaójafnvægi og efnahagslega misskiptingu.*
- Ennfremur vekja framfarir á sviði heilbrigðisvísinda og heilbrigðisþjónustu áleitnar siðferðilegar spurningar, m.a. varðandi rannsóknir og lækningaaðferðir, samskipti heilbrigðisstarfsfólks við sjúklinga, mat á viðeigandi þjónusta og umönnun, auk margvíslegra erfiðra ákvarðana sem heilbrigðisstarfsfólk stendur frammi fyrir í störfum sínum*
- Þá hefur aukin notkun upplýsingatækni og annarra tæknilausna í samskiptum og öðrum athöfnum mannlífs vakið áleitnar spurningar um samfélagsleg áhrif og líðan einstaklinga.*



Bent er á að nauðsynlegt sé að horfast í augu við þær nýju siðferðilegu áskoranir sem fylgja nýsköpun og framförum á þessum sviðum, marka stefnu og búa íslenskt samfélag, stjórnkerfi og almenning, undir að mæta þeim:

- *Nauðsynlegt er að tryggja að stjórnvöld hafi greiðan aðgang að viðeigandi sérfræðipækkingu og reynslu til þess að greina þau flóknu siðferðilegu álitaefni sem óhjákvæmilga eiga eftir að koma upp.*
- *Skapa þarf forsendur fyrir almennri umræðu um siðferðilegar áskoranir og gera þarf grein fyrir því hvernig tryggja megi umgjörð um viðeigandi þekkingu og reynslu, sem einni af grunnstoðum íslensks þekkingarsamfélags.*

Loks er bent á að mikilvægt sé að gera skýrari grein fyrir því hvernig aðgerðaáætlunin styður það markmið að efla hlutverk háskóla- og vísindafólks í lýðræðislegri umræðu. Sérstaklega væri æskilegt að gera grein fyrir því hvernig megi efla og nýta þekkingu á þeim fræðasviðum sem helst láta sig varða grundvöll og gildi lýðræðis, t.a.m. með hliðsjón af því hvernig samsetning nýs Vísinda- og nýsköpunarráðs endurspeglir best þetta meginmarkmið.

Í 5. kafla greinargerðar, um samráð og undirbúning tillögunnar, er stuttlega vísað til þeirra sjónarmiða sem hér hafa verið rakin. Þar segir: „*Siðfræði var nefnd sem mikilvæg forsenda fyrir nýtingu gervigreindar sem feli í sér viðtæk og djúpstæð siðferðileg og félagsleg álitaefni. Hér er um að ræða svið þar sem vænta má þess að sett verði viðmið og reglur á vettvangi EES-samstarfsins þar sem tekið verður á ýmsum álitaefnum sem tengjast mannlegri hegðun og veikleikum viðkvæmra hópa í samfélaginu.*“

Siðfræðistofnun fagnar því að þessi sjónarmið hafi vakið athygli og að horft sé til stefnumótunar á alþjóðavettvangi. Ljóst er að íslensk stjórnvöld og innviðir eru ekki í stakk búin til þess að mæta þessum áskorunum upp á eigin spýtur og nauðsynlegt er að eiga náð samstarf með nágranna- og vinahljóðum um þessi efni. Óumdeilt er að þær tækniframfarir sem hafa átt sér stað undanfarin ár og eru í deiglu kalla á náð samstarf ríkja um sáttmála og reglur. Evrópusambandið hefur verið í fararbroddi þar sem löggjöf um tækniframfarir, samfélagsleg áhrif þeirra, velferð og vernd grundvallarréttinda borgara er annars vegar. En í þessu samhengi er vert að hafa í huga að þau stóru og hröðu framfaraskref sem orðið hafa í hönnun og hagnýtingu stórra mállíkana (e. large language models) munu að öllum líkindum flækja og tefja þá lagasetningu sem unnið hefur verið að á vettvangi ESB.

Álitaefni sem gervigreindartækni hefur í för með sér snúa ekki aðeins að mannlegri hegðun, í þeim skilningi að hana megi nota bæði í góðum tilgangi og slæmum. Þau snúa ekki síst að þeim djúpstæðu og ófyrirséðu mótandi áhrifum tækninnar sjálfrar á samfélög og einstaklinga. Og, þó svo að eðlilegt sé að leggja sérstaka áherslu á stöðu viðkvæmra hópa, þá er það ein meginforseta stefnumótunar um þessi efni, að líta beri svo á að allir hópar séu berskjaldaðir fyrir neikvæðum áhrifum tækninnar – burtséð frá góðum eða slæmum ásetningi þeirra sem beita henni og neyta.

Þá skal áréttað að það er ekki aðeins þróun gervigreindartækninnar sem vekur siðferðilegar spurningar. Þær tengjast einnig t.d. lífvísindum og loftslagsvá, líkt og getið er í fyrri umsögn. En samspil framfara á ólíkum sviðum tækni og vísinda hefur hins vegar mögnunaráhrif sem undirstrikar enn frekar mikilvægi þess að takast á við þessar áskoranir af ábyrgð og vísýni.



Kjarninn í umsögn Siðfræðistofnunar er sá að tryggja þarf forsendur fyrir opinni, upplýstri, gagnrýninni og uppbyggilegri umræðu um þær miklu breytingar sem íslenskt samfélag mun ganga í gegnum á allra næstu árum og til frambúðar. Það verkefni veltur ekki á stefnumótun á vettvangi alþjóðlegs samstarfs. Raunar er það forsenda fyrir virkri þátttöku Íslands í slíkri stefnumótun. Nauðsynlegt að efla vitund og byggja upp með markvissum hætti viðeigandi reynslu og þekkingu, bæði almenna þekkingu og sérfræðiþekkingu, innan stjórnslunnar, stofnana og í atvinnulífinu. Framfarir á sviði STEM greina færa okkur ekki aðeins lausnir við samfélagslegum áskorunum. Þær hafa nýjar og erfiðar áskoranir í för með sér. Úrlausnarefnin eru ekki nema að takmörkuðu leyti tæknilegs eðlis. Og til þess að takast á við þau þarf að efla og virkja þekkingu á mörgum sviðum, svo sem á sviðum lögfræði, uppeldis- og menntaávisinda, félagsvísinda og siðfræði auk annarra hugvísinda. Það ætti að vera sérstakt markmið að stuðla að þverfaglegu samstarfi milli allra þessara ólíku þekkingargreina.

Stefna um eflingu þekkingarsafélags, sem mótar framtíð sína og velsæld á forsendum eigin markmiða, menningar og gilda, verður að byggja á breiðari grunni en aðgerðaáætlunin gerir. Það væri óábyrgt að einblína á þröngt hagnýtt gildi afmarkaðra þekkingarsviða og aukna tæknilega getu án tillits til tilgangs eða afleiðinga í víðara samhengi. Því er það álit Siðfræðistofnunar að áhersla á ofangreind siðferðileg og samfélagsleg sjónarmið eigi að vera órjúfanlegur þáttur í stefnumótun fyrir íslenskt þekkingarsamfélag.

Fyrir hönd Siðfræðistofnunar
virðingarfyllst,

Eyja Margrét Jónhönnu Brynjarsdóttir,
stjórnarformaður

Páll Rafnar Þorsteinsson,
verkefnastjóri